

TILBOÐ Í EIGNARHLUTI Í TÆKIFÆRI HF.

Upplýsingar um tilboðsgjafa (hér eftir „tilboðsgjafi“):	
Nafn:	KEA svf.
Kennitala:	680169-2769
Heimilisfang:	Glerárgötu 36 - 600 Akureyri
Upplýsingar um tilboðshafa (hér eftir „tilboðshafi“):	
Nafn:	Akureyrarkaupstaður
Kennitala:	410169-6229
Heimilisfang:	Geislagötu 9 600 Akureyri

1. HIÐ SELDA

- 1.1 Tilboð þetta nær til allra eignarhluta tilboðshafa í Tækifæri hf. kt. 631299-2299 sem er 15,22% af útgefnu hlutafé félagsins eða kr. 116.408.129.- að nafnverði.
- 1.2 Með tilboði þessu lofar tilboðsgjafi að kaupa hið selta af tilboðshafa, samþykki tilboðshafi tilboðið.

2. TILBOÐSVERÐ

Tilboðsverð fyrir alla hluti tilboðshafa í Tækifæri er krónur 116.000.000.- (eitthundraðogsextánmilljónir).

3. GREIÐSLUFYRIRKOMULAG OG AFHENDING

- 3.1 Tilboðsverð miðast við að greiðsla kaupverðs samkvæmt lið nr. 2 í tilboði þessu, fari fram í einu lagi við afhendingu alls hlutafjár/allra hlutabréfa tilboðshafa í félaginu til tilboðsgjafa, þegar þeir fyrirvarar sem tilgreindir eru í lið nr. 4 í tilboði þessu hafa verið uppfylltir.
- 3.2 Afhending fer fram þegar aðrir hluthafar Tækifærис hafa tekið afstöðu til forkaupsréttar síns og fyrir liggur hvort efni tilboðs þessa nái fram að ganga að fullu eða hluta hvað magn hins keypta varðar.
- 3.3 Tilboðsgjafi tekur við öllum réttindum og skyldum samkvæmt hinum seldu hlutum, þ.m.t. atkvæðisrétti og rétti til arðs, frá og með þeim tíma er afhending fer fram.

4. FYRIRVARAR

Tilboð þetta er háð eftifarandi fyrirvörum:

- 4.1 Samkvæmt samþykktum Tækifærис hf. eiga hluthafar forkaupsrétt að eignarhlutum í Tækifæri. Nýti aðrir hluthafar sé forkaupsrétt að hluta eða öllu leiti mun það hafa áhrif á efni tilboðs þessa hvað varðar lækkun á fjárhæð og magni á hinu keypta.

5. TRÚNAÐUR

Efni kauptilboðs þessa er trúnaðarmál milli aðila og skulu aðilar ekki veita upplýsingar um tilvist eða efni þess nema lög mæli fyrir um það.

6. GILDISTÍMI

Tilboð þetta gildir til kl. 12:00, 20. janúar 2016.


7. GILDANDI LÖG, VARNARPING O.FL.

13.1 Um tilboð þetta gilda íslensk lög. Komi upp ágreiningur milli aðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skal mál vegna sliks ágreinings rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

13.3 Tilboð þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Bæði eintökin skulu undirrituð af báðum aðilum.

13.4 Aðilar skulu setja upphafsstafi sína á allar síður þessa samnings.

Staður og dagsetning:


Karolin Jónasson

F.h. tilboðsgjafa

Tilboðshafi samþykkir hér með framangreint tilboð með undirritun sinni og fellur jafnframt frá forkaupsrétti á hlutabréfum í Tækifæri hf. á öllum tilboðum sem kunna að verða samþykkt í hlutabréf Tækifærис hf. til 15. apríl 2016 og KEA svf. er tilboðsgjafi í viðkomandi tilboðum.

Staður og dagsetning: Akureyri 21.1.2016


Lilur Þ. Þ.

F.h. tilboðshafa